



## Reglur um styrki vegna ferðakostnaðar nemenda á grunnskólaaldri með lögheimili í Grímsey

Þar sem starfsemi grunnskólans í Grímsey hefur verið lögð niður er greiddur styrkur til foreldra/forráðamanna grunnskólabarna sem halda þurfa úti tveimur heimilum vegna þeirrar ákvörðunar.

Styrkurinn nær til foreldra/forráðamanna barna á grunnskólaaldri, með lögheimili í Grímsey. Upphæð styrks á hvert barn er kr. 60.000,- á önn eða kr. 120.000,- fyrir skólaárið. Styrkupphæðir eiga við árin 2022 og 2023. Endurskoðun upphæða fer fram samhliða vinnu við fjárhagsáætlun 2024 fyrir árið 2024.

Sótt skal um styrkinn á íbúagátt Akureyrarbæjar fyrir hverja önn, þ.e. í maí og í nóvember.

Styrkur fyrir vorönn er greiddur út 15. júní og styrkur fyrir haustönn er greiddur út 15. desember.

Reglur þessar gilda frá og með 1. janúar 2022.

Umsóknir fyrir vor og haustönn 2022 þurfa að berast í nóvember 2022. Þá verður greitt fyrir báðar annirnar samtímis.

Samþykkt á 19. fundi fræðslu- og lýðheilsuráðs 7. nóvember 2022